

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands

Fimmtudaginn 7. ágúst 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Brynja Vignisdóttir (BV), Pétur Andreas Maack (PM), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Sigrún Agata (SA), Vilhelm Bjarnason (VB),

Fundargerðir síðastu funda 18. júní og 24. júlí voru birtar á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið þær yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust og teljast fundargerðirnar samþykktar.

Fjórða liðið í mfl karla tímabilið 2025/2026. Formaður fór yfir stöðuna sem er ekki góð og allt bendir til þess að ÍBR og Reykjavíkurfélögin séu ekki tilbúin til þess að hagræða þannig að SFH geti fengið ístíma fyrir þrjár æfingar í viku. Eina lausnin sem sýnileg er eru samningaviðræður við SA um að keppa með 4 lið. Formaður og framkvæmdastjóri fá heimild stjórnar til þess að ganga til samninga við Skautafélag Akureyrar og kanna allar leiðir.

Mótaskrá, farið yfir stöðuna. Ljóst er að brotthvarf SFH verði það endanleg niðurstaða eins og flest bendir til, hefur nokkuð mikil áhrif á mótaskrána. Stjórnin leggur áherslu á að allt verði gert til þess að flýta því að skráin verði tilbúin sem fyrst eftir að ljóst verður hvaða liðum verður teft fram.

Landsliðsmál: Formaður fór yfir stöðuna og gerði grein fyrir því hvaða þjálfarar verða með landsliðin á komandi tímabili.

A landslið karla – ekki hefur verið gengið frá þessari ráðningu, en samtal er í gangi bæði við Tim Brithen sem er sænskur og hefur unnið með okkur áður við góðan orðstýr og svo er enn samtal í gangi við Martin Struzinski sem var með liðið á síðasta tímabili og áhugi er á að semja við hann áfram en ekki hefur náðst flötur á málið enn.

A landslið kvenna. Jón Gíslason verður aðalþjálfari.

U20 piltar. Sheldon Reasbeck verður aðalþjálfari

U18 drengja. Gunnar Guðmundsson verður aðalþjálfari.

U18 stúlkna. Kim McCullough verður aðalþjálfari.

Agamál, GIP hefur tekið saman í gagnagrunn alla agadóma sem til eru á skrá hjá sambandinu. Þetta eru dómar sem ná aftur til ársins 2003. Ljóst er að þessi samantekt er gott verkfæri fyrir framtíðar aganefndarfolk.

Uppfærsla á reglugerð númer 8, 15. grein. Þar er lagt til að taka út orðið meistaraflokka og setja inn í staðin orðið íslandsmót. Þetta er gert til þess að sektarákvæði þau sem eru í umræddri grein eigi við alla aldursflokka sem leika á íslandsmóti. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

Farið var yfir verðskrá sambandsins og hún staðfest. Verður birt á vef sambandsins á næstu dögum.

KHK óskaði eftir upplýsingum um fjárhagslega stöðu aðildarfélaga gangvart sambandinu. VG upplýsti að einungis Umf. Fjölnir væri í skuld við sambandið. Skuldin er tilkomin vegna vanskila með dómarakostnað og vangoldinna aðildargjalda. Samtals er þetta ríflega ein milljón króna. Framkvæmdastjóra var falið að skifa formanni aðalsjórnar Fjölnis bréf um alvarleika málsins og mögulegar afleiðingar vanskila.

Lítilega rætt um komandi haustþing IIHF og Global Hockey Forum sem verða í Frakklandi í enda september.

Erindi frá Sæmundi Leifssyni þar sem óskað er eftir styrk frá ÍHÍ til að mæta sjúkrakostnaði vegna atviks sem átti sér stað í leik á síðasta tímabili. Ákveðið var að veita styrk upp á 50.000 fimmtíuþúsundkrónur til Sæmundar.

Fleira ekki rætt.